

Kennsluáætlun í lífsleikni skólaárið 2020-2021

5. - 6. bekkur

Kennari: Erla Sigrún Einarsdóttir

Lífsleiknikennsla í 5.-6. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Hæfniviðmið samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka: **Reynsluheim, hugarheim og félagsheim**. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir. Tekin eru fyrir ákveðin hæfniviðmið samfélagsgreina sem þjálfar nemendur í sjáfstæðri hugsun og málefnalegri gagnrýni.

Reynsluheimur: *Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.*

Hugarheimur: *Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.*

Félagsheimur: *Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.*

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluaðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu og að koma sínum skoðunum á framfæri. Settar verða upp málstofur þar sem nemendum fá þjálfun í að meta umræðuefni og koma því málefnalega á framfæri. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Notast er við: myndbönd-dagblöð-útprintanlegt efni af vef o.fl.

Námsmat: Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag, saga, menning. Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Mannlíf

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem:
- Kærleika.
- Mannhelgi.
- Félagslegu réttlæti.
- Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.

Fjármálalæsi

- Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu.
- Sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið.

Trúarbrögð

- Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.

- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.
- Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf.
- Nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Framsýni

- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.

Sjálfsvitund

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.

Heilbrigði og velferð

- Tileinka sér heilbrigða og holla lífshætti
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.

- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Kynheilbrigði:

- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.

Frelsi og ábyrgð:

- Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.

Félagsfærni:

- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti einn sér og í samstarfi við aðra.

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.